

# Kjarasamningur búnaðarsambanda og Hagsmunafélags ráðunauta

## Gildistími frá 1. maí 2005

### 1.gr. Launahækkunir

Héraðsráðunautur skal fá greidd laun eftir 1. kafla í samningi fjármálaráðherra, f. h. ríkissjóðs og Félags íslenskra náttúrufræðinga frá 26.júlí 2001, launatöflu FÍN og ríkisins og taka breytingum samkvæmt henni, sbr.samkomulag frá 18. mars 2005 um breytingar á þeim samningi, sem fela í sér eftirtaldar hækkunir:

1.maí 2005	4,50%
1.janúar 2006	2,50%
1.janúar 2007	2,25%
1.janúar 2008	2,00%

Eingreiðsla til félagsmanna Hagsmunafélagsins í fullu starfi verður kr. 65.000 og verði greidd út í fyrsta mánuði eftir undirritun samnings. 1. febrúar 2006 verði önnur eingreiðsla, kr. 65.000 greidd félagsmönnum í fullu starfi. Ráðunautum í hlutastarfi verði greitt í samræmi við starfshlutfall þeirra.

Jafnframt verður greidd desemberuppbót á í samræmi við ákvæði fyrrnefnds samnings. Greiða skal hlutfallslega miðað við starfshlutfall.

Árið 2005	kr. 39.700
Árið 2006	kr. 40.700
Árið 2007	kr. 41.800

### 2.gr. Launaflokkaröðun

Launatölur raðast í launaflokka og þrep samkvæmt áðurnefndum samningi FÍN og fjármálaráðherra. Ný launatafla tekur gildi frá 1. maí 2006 samkvæmt áðurnefndu samkomulagi (sjá fylgiskjal 1). Tryggt skal að enginn lækki í mánaðarlaunum fyrir dagvinnu við yfirfærslu í nýja launatöflu.

Þau 2%, sem ætluð eru til styrkingar/þróunar launakerfis frá 1. maí 2007 verði greidd ráðunautum sem álag á föst laun til loka samningstíma núgildandi samnings FÍN og ríkisins. Að auki verði frá sama tíma greitt viðbótarálag, 1,0225% til loka samningstíma núgildandi samningstíma FÍN og ríkisins.

#### 2.1. Grunnröðun í launaflokka

Grunnröðun héraðsráðunauta er í launaflokk B-14 miðað við B.Sc. 90 háskólagráðu. Grunnröðun þeirra ráðunauta er luku námi frá Búvísindadeild Bændaskólans á Hvanneyri árið 2001 og fyrr skal þó vera í launaflokk B-15.

#### 2.2. Hækkun vegna starfsreynslu

Eftir 1 ár í starfi hækkar viðkomandi ráðunautur um einn launaflokk. Eftir þriggja ára starf hækkar ráðunautur aftur um einn launaflokk. Við nýráðningar er rétt að meta til starfsreynslu fyrri störf á sviði landbúnaðar er ætla má að nýtist við störf ráðunautar.

### **2.3. Álag vegna menntunar**

B.Sc honour	1 launaflokkur
M.Sc.	2 launaflokkur
Ph.D	3 launaflokkar

### **2.4. Álag vegna endur-og símenntunar**

Starfsmaður sem bætir við sig námi í formi námskeiða sem nýtast í starfi fram yfir formlegar prófgráður skal fá 1 lfl. hækkun þegar lokið er 30 eininga viðbótarnámi. Ein námseining telst nám sem talið er ígildi einnar viku í námi.

### **2.5. Greiðslur vegna yfirvinnu**

Yfirvinna er greidd með tímakaupi. Tímakaup fyrir yfirvinnu í hverjum launaflokki er 1,0385% af mánaðarlaunum starfsmanns. Heimilt er að semja um milli starfsmanns og launagreiðanda að í stað beinna greiðslna fyrir yfirvinnu komi til frítökuréttur í dagvinnu sem svarar til þeirra yfirvinnugreiðslna sem launþegi hefði haft.

Að öðru leyti gilda ákvæði um yfirvinnu í kafla 2.3 í samningi FÍN og fjármálaráðuneytis frá 26.júlí 2001.

### **2.6. Dagpeningagreiðslur**

Um greiðslur dagpeninga samkvæmt samningi þessum skal fara eftir reglum sem tilgreindar eru í samningi FÍN og fjármálaráðherra frá 26.júlí 2001.

### **2.7. Akstursamningar**

Fastagjald verður 2000 kílómetrar á ári á almennum taxta skv. ákvörðun Ferðakostnaðarnefndar ríkisins enda noti viðkomandi starfsmaður eigin bifreið í starfi ef þörf krefur. Að öðru leyti verður akstur greiddur eftir því sem segir í samningi FÍN og fjármálaráðherra frá 26. júlí 2001.

## **3. Orlof**

### **3.1. Lengd orlofs**

Lágmarksorlof skal vera 192 vinnuskyldustundir miðað við fullt ársstarf. Hlutastarf veitir hlutfallslegan rétt til orlofs. Starfsmaður sem náð hefur 30 ára aldri á því almanksári sem tímabil sumarorlofs tilheyrir, fær að auki orlof sem svarar til 24 vinnuskyldustunda í dagvinnu. Við 38 ára aldur fær hann enn að auki orlof sem svarar til 24 vinnuskyldustunda í dagvinnu.

### **3.2 Orlofsfé og orlofsuppbót**

Starfsmaður skal fá 10,17% orlofsfé á yfirvinnu- og álagsgreiðslur samkvæmt samningi þessum. Við 30 ára aldur skal hann fá 11,59%. Við 38 ára aldur skal hann fá 13,04%.

Hinn 1.júní ár hvert skal starfsmaður sem er í starfi til 30.apríl næst á undan, fá greidda sérstaka greiðslu, orlofsuppbót, er miðast við fullt starf næstliðið orlofsár. Greitt skal hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma. Orlofsuppbót er föst fjárhæð og tekur ekki breytingum skv. öðrum ákvæðum samningsins. Á orlofsuppbót reiknast ekki orlofsfé. Orlofsuppbót á samningstímanum verður sem hér segir:

Á árinu 2005 kr. 21.800

Á árinu 2006 kr. 22.400

Á árinu 2007 kr. 23.000

Á árinu 2008 kr 23.600

### 3.3 Orlofssjóður Hagsmunafélagsins

Viðsemjendur Hagsmunafélags ráðunauta greiða sérstakt framlag í Orlofssjóð félagsins. Framlag þetta skal nema 0,50% af dagvinnulaunum félagsmanna og greiðist ársfjórðungslega.

### 3.4 Önnur ákvæði um orlof

Að öðru leyti skal fara eftir ákvæðum um orlof samkvæmt samningi FÍN og fjármálaráðherra frá 26.júlí 2001 sbr. breytingu á samningi aðila dags. 18.mars. 2005

## 4. Greiðslur fyrir ritstörf og fl.

Meta skal til launa ritstörf, umbeðin af stjórn/framkvæmdastjóra leiðbeiningamiðstöðvanna eða samþykkt af þeim og birtast í blöðum eða tímaritum sem ná til landsins alls, t.d. Bændablaðinu, Frey eða Handbók bænda. Tekið skal tillit til þess hvort nýttar eru heimildir úr vinnu ráðunautar á hans starfssviði fyrir vinnuveitanda hans og bændur. Greiðslur samkvæmt þessu ákvæði eru í formi yfirvinnutíma.

### Eftirfarandi reglur gilda:

- Einungis er greitt fyrir faggreinar á sviði viðkomandi starfsmanns.
- Greinarnar skulu birtar í blöðum, tímaritum eða á annan viðurkenndan hátt.
- Krafist er faglegra vinnubragða við frágang, (s.s. að slá upp í fagritum, rannsóknaniðurstöðum eða skýrslum).
- Ekki er greitt fyrir fréttir eða frásagnir af atburðum eða ferðum, nema slíkar greinar uppfylli ofangreind skilyrði.
- Fjölrit sem koma til álita við mat á árangursbundum launum þurfa að hafa útbreiðslu til flestra er efnið varðar.
- Komi fleiri starfsmenn stofnunarinnar að tilteknu verki skal metinn hlutur hvers og eins.
- Aðeins er greitt einu sinni fyrir hvert verk, óháð því hve oft verkið er birt.

• Smærri blaðgrein t.d. ¼ blaðsíðu texti í Bændablaðinu	2 - 3 tímar
• Miðlungs blaðgrein t.d. ½ blaðsíðu texti í Bændablaðinu	4 - 5 tímar
• Stærri blaðgrein	6 - 8 tímar
• Efnismikil ritgerð t.d. ráðunautafundur/vísindagrein/bókarkafli	10 - 30 tímar

Um umfangsmikil verkefni, sem starfmaður tekur að sér og eru umfram hans reglubundna verksvið og verður ekki við komið í vinnutíma, skal semja fyrirfram um þóknun. Hér er um að ræða t.d. námskeiðsefni/ kennsluefni og ýmis frumkvöðla- eða þróunarverkefni.

### 4.1 Uppgjör

Tvisvar á ári (janúar og júlí) skila starfsmenn umsókn um greiðslu fyrir greinaskrif sl. 6 mánuði ásamt ljósritum af greinunum eða skrá yfir ritstörf til framkvæmdastjóra.

Framkvæmdastjóri metur hverja grein, samkvæmt ofanrituðu, til greiðslu. Greiðslur skulu inntar af hendi eigi síðar en 3 mánuðum frá skiladegi starfsmanns til

framkvæmdastjóra. Starfsmaður getur vísað mati framkvæmdastjóra til úrskurðar framkvæmdastjóra og fulltrúa frá Hagsmunafélagi ráðunauta.

## **5. Vinnufatnaður**

Skylt er vinnuveitenda að leggja til vinnufatnað/hlífðarföt/skóbúnað fyrir starfsmenn sína þeim að kostnaðarlausu í samræmi við öryggisreglur og/eða vegna sjúkdómavarna enda sé starfsmönnum skylt að nota hann.

Hreinsun á fatnaði skal látin í té starfsmanni að kostnaðarlausu. Meiri háttar viðgerðir og tjón á slíkum fatnaði skal bætt af hálfu vinnuveitanda. Starfsmenn skulu fara vel og samviskusamlega með vinnufatnað og hlífðarföt.

## **6. Endurmenntun, eftirmenntun**

### **6.1 Endurmenntun, framhaldsnám**

Starfsmaður sem unnið hefur í fjögur ár hjá búnaðarsambandi og stundar framhaldsnám, með samþykki stjórnar búnaðarsambands, heldur fullum launum í námsleyfi og fær greiddan útlagðan ferðakostnað vegna námsins. Lengd leyfis samkvæmt þessu er allt að 2 mánuðir á fjögurra ára fresti, 3 mánuðir á 5 ára fresti eða mest 6 mánaða námsleyfi á 10 ára fresti, enda njóti viðkomandi búnaðarsamband starfa ráðunautarins minnst í eitt ár þar á eftir. Heimilt er að veita lengri eða skemmri námsleyfi á lengra eða skemmra árabili.

### **6.2 Endurmenntunarsjóður**

Búnaðarsamböndin greiða 1% af föstum dagvinnulaunum til Endurmenntunarsjóðs héraðsráðunauta sem greiðist ársfjórðungslega. Búnaðarsamböndunum er gerð árlega grein fyrir ráðstöfun fjár úr sjóðnum

## **7. Starfslýsingar og ráðningasamningar**

Við ráðningu starfsmanns skal liggja fyrir starfslýsing og undirritaður ráðningasamningur. Í ráðningasamningi skulu m.a. eftirfarandi atriði vera skilgreind; vinnustaður, starfsheiti, upphaf starfs, starfshlutfall, vinnutími, launaflokkur stéttarfélag, lífeyrissjóður, slysatryggingar og aðrar tryggingar og loks um uppsagnarákvæði.

## **8. Lífeyrissjóðsgreiðslur**

### **8.1. Almenn**

Félagsmenn í Hagsmunafélagi ráðunauta greiða 4% af launum í iðgjald í lífeyrissjóð. Framlag vinnuveitenda fer eftir því hvort ráðunautar eru í B-deild LSR eða í A-deild LSR eða í öðrum lífeyrissjóðum.

### **8.2 Framlag í séreignasjóð**

Í þeim tilvikum sem starfsmaður leggur til viðbótarframlag í séreignasjóð, greiðir vinnuveitandi 2% framlag gegn 2% framlagi starfsmanns.

## **9. Samningsforsendur**

### **9.1. Uppsögn launaliðar.**

Komi til þess að samningum á almennum vinnumarkaði verði sagt upp á grundvelli forsenduákvæðis þeirra á gildistíma samnings þessa skal aðilum heimilt að segja launalið samningsins upp með þriggja mánaða fyrirvara miðað við mánaðamót. Komi til þess að nefnd sú sem fjallar um forsendur kjarasamninga á almennum

vinnumarkaði nái samkomulagi um breytingu á samningum skal sambærileg breyting gilda um þennan samning.

### **9.2. Gildistími**

Kjarasamningur þessi gildir frá 1. maí 2005 sbr. þó ákvæði greinar 9.1. Eftir 1.janúar 2008 getur hvor samningsaðilinn sem er, sagt honum upp með þriggja mánaða fyrirvara miðað við næstu mánaðamót efiir að uppsögn fer fram.

### **9.3. Tenging við FÍN samning.**

Segi hvorugur samningsaðilinn samningi þessum upp fylgja launaliðir hans og aðrir liðir eftir því sem við á sjálfkrafa þeim breytingum, sem kunna að verða gerðar á samningi FÍN og ríkisins eftir 30. apríl 2008.

## **10. Önnur ákvæði**

### **10.1. v. Vísindasjóðs**

Það er skoðun samningsaðila að hækkun um einn launaflokk 1. nóvember 2001 samkvæmt fyrri samningi Hagsmunafélagsins og búnaðarsambandanna hafi komið á móti greiðslu í Vísindasjóð og bókun 2 í samningi FÍN og fjármálaráðherra frá 26. júlí 2001.

### **10.2. Vísun til FÍN samnings.**

Að öðru leyti gilda ákvæði kjarasamnings FÍN og fjármálaráðherra frá 26.júlí 2001 eftir því sem við á varðandi vinnutíma (kaflí 2), matar-og kaffítíma, fæði og mötuneyti (kaflí 3), tryggingar (kaflí 7) auk annarra ákvæða sem vísað er í þessum samningi.

Reykjavík, 9. desember 2005

f.h. Búnaðarsambandanna  
með fyrirvara um samþykki  
stjórna búnaðarsambandanna

f.h. Hagsmunafélags ráðunauta  
með fyrirvara um samþykki félagsmanna

**FYLGISKJAL 1**  
**með**  
**kjarasamningi Búnaðarsambanda**  
**og**  
**Hagsmunafélags ráðunauta**  
**undirrituðum 2005**

	< 30ára	30 ára	35 ára	40 ára	45 ára
<b>Lfl.</b>	<b>1. þrep</b>	<b>2. þrep</b>	<b>3. þrep</b>	<b>4. þrep</b>	<b>5. þrep</b>
01	200.000	203.000	206.045	209.136	212.273
02	206.045	209.136	212.273	215.457	218.689
03	212.273	215.457	218.689	221.969	225.299
04	218.689	221.969	225.299	228.678	232.108
05	225.299	228.678	232.108	235.590	239.124
06	232.108	235.590	239.124	242.711	246.352
07	239.124	242.711	246.352	250.047	253.798
08	246.352	250.047	253.798	257.605	261.469
09	253.798	257.605	261.469	265.391	269.372
10	261.469	265.391	269.372	273.413	277.514
11	269.372	273.413	277.514	281.677	285.902
12	277.514	281.677	285.902	290.191	294.544
13	285.902	290.191	294.544	298.962	303.446
14	294.544	298.962	303.446	307.998	312.618
15	303.446	307.998	312.618	317.307	322.067
16	312.618	317.307	322.067	326.898	331.801
17	322.067	326.898	331.801	336.778	341.830
18	331.801	336.778	341.830	346.957	352.161
19	341.830	346.957	352.161	357.443	362.805
20	352.161	357.443	362.805	368.247	373.771
21	362.805	368.247	373.771	379.378	385.069
22	373.771	379.378	385.069	390.845	396.708
23	385.069	390.845	396.708	402.659	408.699
24	396.708	402.659	408.699	414.829	421.051
25	408.699	414.829	421.051	427.367	433.778
26	421.051	427.367	433.778	440.285	446.889
27	433.778	440.285	446.889	453.592	460.396
28	446.889	453.592	460.396	467.302	474.312
29	460.396	467.302	474.312	481.427	488.648
30	474.312	481.427	488.648	495.978	503.418
31	488.648	495.978	503.418	510.969	518.634
32	503.418	510.969	518.634	526.414	534.310
33	518.634	526.414	534.310	542.325	550.460

